

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um dómþinghár og þingstaði,**  
**nr. 395 29. júní 1998.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Landinu er skipt í eftirfarandi dómþinghár og eru þingstaðir sem hér segir:

1. Umdæmi héraðsdóms Reykjavíkur er ein dómþinghá.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjavíkur.
2. Umdæmi héraðsdóms Vesturlands er ein dómþinghá.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vesturlands.
3. Umdæmi héraðsdóms Vestfjarða er ein dómþinghá.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vestfjarða.
4. Umdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra er ein dómþinghá.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands vestra.
5. Umdæmi héraðsdóms Norðurlands eystra er ein dómþinghá.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands eystra.
6. Umdæmi héraðsdóms Austurlands er ein dómþinghá.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Austurlands.
7. Umdæmi héraðsdóms Suðurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:
  - a. Umdæmi sýslumannanna á Hvolsvelli, Selfossi og Vík.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Suðurlands.
  - b. Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum.  
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
8. Umdæmi héraðsdóms Reykjaness er ein dómþinghá.  
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjaness.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 21. gr. laga um dómstóla nr. 15 25. mars 1998, öðlast gildi 1. júlí 2011.

*Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, 28. desember 2010.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*